

6. gr.

Þar sem mjólkurbú er rekið í fjárhagslegum tengslum við annan atvinnurekstur, skal sá hluti sameiginlegs kostnaðar sem bókfærður er á rekstur mjólkurbúsins, grundvallast á sannanlegum kostnaði sem hinn aðilinn leggur til mjólkurbúsins og skal fylgja í gögnum um verðmiðlunarþörf sérstök greinargerð þar um.

7. gr.

Við endanlega ákvörðun verðmiðlunar til hvers mjólkurbús fyrir sig, skal draga frá reiknaðri þörf verðmiðlunar 60% meðalhagnaðar af rekstri þess er varð árin 1991 og 1992 og hann framreiknaður m.v. lánskjaravísitölu í lok hvers árs.

Þá skal lækka verðmiðlun til hvers mjólkurbús til samræmis við umsamda hagræðingar-kröfu, sbr. samkomulag milli Samtaka afurðastöðva og framkvæmdanefndar búvörusamninga frá 15. desember 1992. Samkvæmt því kemur þó ekki til lækkunar á verðmiðlun, ef kostnaður mjólkurbús á innveginn lítra mjólkur hefur lækkað um 2,5% milli árána 1992 og 1993 á föstu verðlagi miðað við lánskjaravísitölu.

Nú verður reiknuð verðmiðlunarþörf meiri en heimilt er að ráðstafa til verðmiðlunar, og skal þá skerða rétt allra búa til verðmiðlunar í sama hlutfalli af reiknaðri verðmiðlunarþörf.

Greiðslum úr verðmiðlunarsjóði vegna rekstrarársins 1993 skal lokið eigi síðar en 31. ágúst 1994. Ársreikning mjólkurbús ásamt fylgigögnum fyrir árið 1993 skal skila til Framleiðsluráðs landbúnaðarins eigi síðar en 30. mars 1994. Ef reikningsskil mjólkurbús berast síðar, er ekki tryggt að viðkomandi aðili komi til álita við frekari úthlutun úr verðmiðlunarsjóði fyrir árið 1993.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 27. gr. laga nr. 99 8. september 1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytið, 28. janúar 1994.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

um verðjöfnunargjald af innfluttum unnum landbúnaðarvörum.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð við tollafgreiðslu verðjöfnunargjald af þeim landbúnaðarvörum sem innihalda landbúnaðarhræfni og falla undir upptalin tollskrárnúmer skv. eftirfarandi gjaldskrá. Gjaldið skal lagt á m.v. kr/kg. Þó skal samanlagður tollur, jöfnunargjald og verðjöfnunargjald aldrei vera hærra en 37% af tollverði í vörulið 1905.

Tollskrárnúmer	kr/kg	Tollskrárnúmer	kr/kg
0403.1001	65	1901.2023	99
0403.1003	34	1901.2024	71
0403.9001	28	1905.9051	99
0403.9002	28	1905.9059	71
0403.9003	28	2202.9001	42

2. gr.

Að því leyti sem ekki er kveðið á um vöruflokkun, gjalddaga, lögvernd, viðurlög og aðra framkvæmd álagningar og innheimtu verðjöfnunargjalds skulu ákvæði laga nr. 55/1987, með síðari breytingum, gilda eftir því sem við á svo og ákvæði reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

3. gr.

Skil á innheimtu verðjöfnunargjaldi skv. reglugerð þessari fer eftir fyrirmælum reglugerðar nr. 530/1975 um reikningsskil innheimtumanna ríkissjóðs.

4. gr.

Landbúnaðarráðherra getur veitt undanþágu frá greiðslu gjalda skv. 1. gr., enda innihaldi vara ekkert eða óverulegt magn af hráefnum sem verðjafna á fyrir.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 126/1993 um breytingu á lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast gildi 1. febrúar 1994. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um sama efni nr. 1/1994.

Landbúnaðarráðuneytið, 31. janúar 1994.

Halldór Blöndal.

Guðmundur Sigbórsson.